

SKÓLARÁÐ ÁSGARÐSSKÓLA FUNDAÁÆTLUN OG SKIPAN

SKÓLARÁÐ ÁSGARÐSSKÓLA



📅 Skólaráð Ásgarðsskóli fundargerðir skólaárið 2024-2025

📅 Skólaráð Ásgarðsskóli fundargerðir skólaárið 2023-2024

📅 Skólaráð Ásgarðsskóli fundargerðir skólaárið 2022-2023

📅 Skólaráð Ásgarðsskóla - fundargerðir skólaárið 2021-2022

Lögum samkvæmt er skólaráð samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miða skal við að skipað verði í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok september.

Kosningum skal hagað á eftirfarandi hátt:

- Skólastjóri situr í skólaráði.
- Tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi.
- Einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess.
- Tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
- Tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
- Skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað.

Í skólaráði 2025-6 sitja:

- Krístrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri
- Tinna Björk Pálsdóttir, fulltrúi ráðgjafa/annað starfsfólk
- Harpa Jónsdóttir (Gréta Pálín Pálsdóttir), fulltrúi kennara
- Alma Hrönn Hrannarsdóttir, fulltrúi foreldra
- Kristín Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra
- Íris Ó Hjaltalín, fulltrúi foreldra
- Nemendafélagið skiptir á milli sín setu í skólaráði og bera ábyrgð á því að það sé mannað hverju sinni.
- Bjarki Viðar Garðarsson, fulltrúi nærsamfélagsins

Skólaráð Ásgarðsskóla skóla í skýjunum

Funda og starfsáætlun skólaráðs

Birt hér með fyrirvara um breytingar á tímasetningum eftir fyrsta fund skólaráðsins. Formaður nemendaráðs situr alla fundi skólaráðsins.

Fundaáætlun skólaráðs með fyrirvara um breytingar.

29. ágúst	13. nóvember	14. janúar
Dagskrá - Fundaáætlun skólaráðs (þetta skjal) Skóladagatal Starfsáætlun skólans fyrir veturinn - Grófar niðurstöður úr könnun til foreldra sem eiga útskrifuð börn úr SÍS - Helstu umbætur skólaársins skv. umbótaáætlun Innra mats áætlun Námsmatsstefna skólans - uppfærsla Námsvísir/skólanámskrá - Ný heimasíða í vinnslu - hugmyndir athugasemdir - Önnur mál	Dagskrá - Skólareglur endurskoðaðar - Rekstararreikningur 2024 - Öryggisáætlun - Nemendaping - Niðurstöður nemenda- og foreldrakannana - Staða þróunarverkefna. - Nefndir og ráð skólaársins - Gögn til kynningar - Endurskoðaðar áætlanir - Önnur mál	Dagskrá - Netöryggi og vinnslusamningar. Meðferð persónugagna. - Gögn til kynningar - Endurskoðaðar áætlanir - Heimasíða - Önnur mál
17. mars	18. maí	
Dagskrá - Skóladagatal lokaútgáfa - Drög að skóladagatali næsta árs - Niðurstöður innra mats - það helsta - Gögn til kynningar - Endurskoðaðar áætlanir - Önnur mál	Dagskrá - Forvarnaráætlun - endurskoðun - Innra mats skýrsla - Umbótaáætlun næsta árs - Mat á starfsáætlun - Drög að starfsáætlun næsta skólaárs - Endurskoðun námsvísa - Skýrsla um stoðþjónustu og verkefni nemendaverndarráðs - Endurskoðun námsmatsstefna - Niðurstöður starfsmannasamtala. - Önnur mál	

FUNDARGERØ 25 - 26

SKÓLARÁÐ - ÁSGARÐSSKÓLI SKÓLI Í SKÝJUNUM

Fundargerðir skólaárið 2025-6

1. FUNDUR

Aug 29, 2025

Dagskrá og fundargerð

- Fundaáætlun skólaráðs (þetta skjal)
- [Skóladagatal](#)
- [Starfsáætlun](#) skólans fyrir veturinn
- Grófar niðurstöður úr könnun til foreldra sem eiga útskrifuð börn úr SÍS
- Helstu [umbætur](#) skólaársins skv. umbótaáætlun
- [Innra mats áætlun](#)
- [Námsmatsstefna skólans - uppfærsla](#)
- [Námsvísir/skólanámskrá](#)
- Ný heimasíða í vinnslu - hugmyndir athugasemdir
- Önnur mál

Þátttakendur fundarins:

- Krístrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri - Mætt - Fundarstjóri
- Harpa Jónsdóttir Fulltrúi kennara- Mætt
- Tinna Björk Pálsdóttir fulltrúi annars starfsfólks-Mætt - Ritari
- Fulltrúar foreldra
 - Kristín Magnúsdóttir- Mætt
 - Alma Hrönn Hrannardóttir- Mætt
 - Íris Ómarsdóttir- Mætt
- Bjarki Viðar Garðarsson, fulltrúi nærsamfélagsins-Mættur
- Fulltrúa nemenda
 - Hólmfríður Esther Halldórsdóttir-Mætt
 - Ómar Örn Fannarsson-Mættur

Fórum yfir starfsáætlun Skólaráðs

Breytingar á skóladagatali, staðlotur breyttust aðeins og farið yfir framkvæmd á staðlotum.

Krísrun fer yfir starfsáætlun skólans

Allt samþykkt af skólaráði

Sendum út könnun til rúmlega 200 foreldra og bíðum eftir fleiri svörum en smá yfirferð á niðurstöðum, það sem stóð heast upp úr er styðjandi námsumhverfi, námsefni, stuðningur og tengsl við kennara.

80% nemenda hafa skilað sér í framhaldsskóla og betur undirbúin en foreldrar áttu von á. Mjög góðar umsagnir frá foreldrum. Mjög jákvæðar niðurstöður. Krístrún og Óskar halda kynningu á skólanum og niðurstöðum fyrir skóla og frístundaráð 8. september.

Fórum yfir umbótaáætlun síðasta árs, reglur um innritun en komið á heimasíðu skólans.

Eigum eftir að:

- bæta samstarf við menningarstofnanir og fyrirtæki
- Samstarf við íþróttafélög
- skrifa texta um þrepaskiptan stuðning

Engar athugasemdir við innra mats áætlun eða umbótaráætlun.

Krísrun fer vel yfir námsmatsstefnu skólans og framfarastigana.

Námsvísir skólans kynntur, jákvæð umræða um gervigreind og kennslu á henni, fórum yfir 3 ára rúllu og hvaða breytingar hafa verið á honum vegna áherslubreytinga bæði í samfélaginu og aðalnámskrá grunnskólanna.

Tinna sýnir nýja heimasíðu eins og hún stendur í dag. Öll sátt og samþykkt að hún er betri en þessi sem er í notkun